

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1915/96**frá 3. október 1996****um breytingu á reglugerð (EB) nr. 554/95 þar sem settar eru nákvæmar reglurlýsingu og kynningu á freyðivínnum og loftblönduðum freyðivínnum(*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 822/87 frá 16. mars 1987 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1592/96 ⁽²⁾, einkum 5. mgr. 72. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2333/92 ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1429/96 ⁽⁴⁾, kveður á um almennar reglur um lýsingu og kynningu á freyðivínnum og loftblönduðum freyðivínnum.Í fjórða undirlið a-liðar 2. mgr. 15. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 823/87 eru sérstök ákvæði varðandi gæðavin sem framleidd eru í tilgreindum héruðum ⁽⁵⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1426/96 ⁽⁶⁾, og þar með að í Þýskalandi megi nota hefðbundna sérheitið „Qualitätsschaumwein garantierten Ursprungs“. Eigi að heimila notkun þessa heitis til vörulýsingar á gæðafreyðivíni fth þarf að setja það inn fyrir Þýskaland í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 554/95 ⁽⁷⁾.

Í framhaldi af breytingum á þýskri og spænski löggjöf er rétt að breyta skrá yfir landfræðileg heiti í I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 554/95.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. október 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 206, 16. 8. 1996, bls. 31, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/97 frá 15. desember 1997 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 84, 27. 3. 1987, bls. 1.⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 206, 16. 8. 1996, bls. 31.⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 231, 13. 8. 1992, bls. 9.⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 184, 24. 7. 1996, bls. 9.⁽⁵⁾ Stjtið. EB nr. L 84, 27. 3. 1987, bls. 59.⁽⁶⁾ Stjtið. EB nr. L 184, 24. 7. 1996, bls. 1.⁽⁷⁾ Stjtið. EB nr. L 56, 14. 3. 1995, bls. 3.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnarnefndarinnar um vín.

SAMPYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**1. gr.**

Reglugerð (EB) nr. 554/95 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við 1. mgr. 4. gr. aftan við f-lið:

„g) fyrir Þýskaland:

„Qualitätsschaumwein garantierten Ursprungs“.“

2. Í I. viðauka:

a) falli „c) Saar“ brott í lið „1. Fyrir Þýskaland“, undir landfræðilegu einingunni Rhein-Mosel;

b) falli landfræðilega einingin „Almendralejo“ brott í lið „3. Fyrir Spán“.

2. gr.Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.